



## Umsögn hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007

Eitt af markmiðum heilbrigðisstefnu til ársins 2030 er að skapa heildrænt kerfi sem ætlað er að tryggja samfellda þjónustu á réttu þjónustustigi og gæta að hagkvæmni og jafnræði í heilbrigðisþjónustu. Annað markmið er að heilbrigðisþjónusta skuli einkennast af teymisvinnu og þverfaglegri heildrænni nálgun til að tryggja gæði og samfellu í þjónustunni. Þessu fagnar hjúkrunarráð á SAK og leggur áherslu á að markmiðið er ætíð að sjúklingar fái bestu mögulegu þjónustu. Hjúkrunarráð telur að þjónusta við sjúklinga verði ekki bætt með því að lækna ráð og hjúkrunarráð verði lögð niður, né heldur að hafa einn fagstjórnanda sem beri faglega ábyrgð á þjónustu.

Athugasemdir hjúkrunarráðs SAK varða breytingar á 7., 11. og 12. gr.

➤ 7. gr. b., er orðast svo, ásamt fyrirsögn: Sjúkrahúsið á Akureyri  
Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri er veitt annars stigs heilbrigðisþjónusta en að auki þriðja stigs heilbrigðisþjónusta í samráði við Landspítala, m.a. á göngu- og dagdeildum. Hlutverk Sjúkrahússins á Akureyri er m.a. að vera varasjúkrahús Landspítala, annast kennslu í grunn- og framhaldsnámi og gera fagfólki kleift að sinna fræðastöfum við háskóla auk þess að veita aðstöðu til vísindarannsókna. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um hlutverk og starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri og þá heilbrigðisþjónustu sem þar skal veitt.

Mikilvægt er að halda áfram að vinna að því markmiði að SAK verði skilgreint sem háskólasjúkrahús. Hjúkrunarráð bendir á hvort ekki sé eðlilegra að tala um samstarf frekar en samráð við Landspítala.

➤ 11. gr. 10. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn: Fagstjórnendur  
Á heilbrigðisstofnun skulu starfa einn eða fleiri fagstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar ber ábyrgð á að móta sýn og markmið faglegra málefna er varða meðferð sjúklinga og faglegra þróun heilbrigðisstarfsmanna. Framkvæmdastjóri hjúkrunar ber ábyrgð á starfi hjúkrunar á SAK og styður við faglega þróun hjúkrunar og starfsþróun hjúkrunarfræðinga. Það er staðreynd að gæði hjúkrunar hafa mikil áhrif á það hvernig sjúklingum vegnar. Hjúkrunarráð telur mikilvægt að leiðtogar í hjúkrun hafi skýr hlutverk innan lagarammans og í því tilliti sé nauðsynlegt að tryggja mikilvægt hlutverk framkvæmdastjóra hjúkrunar.

➤ 12. gr. 11. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn: Fagráð

Á heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu skal vera starfandi sérstakt fagráð. Fagráð mynda fulltrúar allra heilbrigðisstétta sem starfa á stofnuninni og er það forstjóra heilbrigðisstofnunar til ráðuneytis um málefni hennar. Forstjóra bera að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar.

Fagráð skulu setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra.

Stefna hjúkrunarráðs SAK er að vinna að þróun hjúkrunar á sjúkrahúsinu með hagsmuni skjólstæðinga, starfsmanna og stofnunar í huga. Hjúkrunarfræðingar eru lang fjölmennasta starfsstéttin á SAK en þar starfa um 200 hjúkrunarfræðingar. Hjúkrunarráð stendur fyrir umbótum og fræðslu fyrir starfsfólk SAK, ásamt því að veita forstjóra og framkvæmdastjórn faglega ráðgjöf í málefnum hjúkrunar. Hjúkrunarráð SAK telur því afar mikilvægt að hjúkrunarráð starfi áfram innan lagarammans.

Hjúkrunarráð SAK telur að margt sé til bóta í frumvarpinu en skorar á heilbrigðisráðherra að taka til greina ábendingar varðandi breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs SAK.

Sólveig Tryggvadóttir  
Formaður hjúkrunarráðs Sjúkrahússins á Akureyri